

Mál 6/2018

Ár 2018, miðvikudaginn 18. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.6/2018

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 30. janúar 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 8. október 2017 hafi komið í ljós að Cavalier king Charles spaniel tíkin A hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld frá síðasta goti. Tíkin hafi átt tvö got áður, 2 hvolpar fæddir 26. mars 2016 og 5 hvolpar fæddir 14. október 2016. Ekki voru því liðnir 12 mánuðir á milli gota en skv. grundvallarreglum félagsmanna þarf tík sem gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils að hvílast í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast í a.m.k. 12 mánuði á milli gota.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7. febrúar 2018 og henni gefinn andmælafrestur til 5. mars 2018. Svar dags. 25. febrúar 2018 barst frá kærðu. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 8. október 2017 hafi komið í ljós að Cavalier king Charles spaniel tíkin A hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld frá síðasta goti en skv. grundvallarreglum félagsmanna þarf tík sem gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils að hvílast í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svari kærðu kemur fram að kærða viðurkenni brot sitt.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum segir:

„3. Ræktandi

3.4. Láta ekki tík gjóta oftari en fimm sinnum. Ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld á milli gota og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við 3. grein í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Fjóra Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir